

Lög Hjálparsveitarinnar Tintron

1. Heiti björgunarsveitar

- 1.1. Heiti björgunarsveitarinnar er Hjálparsveitin Tintron.
- 1.2. Sveitin er með aðsetur í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- 1.3. Sveitin er félagseining innan Slysavarnarfélagsins Landsbjargar (félagið) og fer eftir lögum félagsins og lögum nr. 43/2003 um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn og siðareglum félagsins.

2. Tilgangur

Tilgangur björgunarsveitarinnar er að reka öflugt björgunar- og slysvarnastarf.

- 2.1. Að halda uppi þjálfun með námskeiðum og æfingum fyrir félagsfólk sitt svo það verði jafnan fært um að rækja markmið sveitarinnar.
- 2.2. Að afla þess búnaðar sem nauðsynlegur er til starfsins og halda honum við.
- 2.3. Starfa í tengslum við önnur félagasamtök og stofnanir sem starfa að björgunar- og slysavarnamálum.

3. Einkenni

Merki sveitarinnar er skjöldur og í honum er nafn sveitarinnar með svörtum stöfum, grænn kross innan í hvítgráum kaðli með áfastri karabínu og ísexi. Bakgrunnur merkisins er appelsínugulur og grænn borði utan um.



4. Réttindi og skyldur sveitarinnar

- 4.1. Sveitin skal árlega halda aðalfund sem boðaður er rafrænt eða með auglýsingum með 14 daga fyrirvara. Þar leggur stjórn fram skýrslu um störf liðins árs og ársreikning áritaður af stjórn.
- 4.2. Að viðhalda aðild sinni sem félagseining Slysavarnarfélagsins Landsbjargar (félagið) með því fara að lögum, reglum og gildandi samþykktum félagsins.
- 4.3. Sveitinni ber að skila ársskýrslu og ársreikning til skrifstofu félagsins ár hvert.
- 4.4. Ef sveitin er með ungingadeild þar sem ungmenni undir 18 ára aldri eru þá ber henni að fara eftir lögum og reglugerðum félagsins um málefni ungenna yngri en 18 ára.
- 4.5. Slysavarnafélagið Landsbjörg er aðili að Æskulýðsvettvanginum.

5. Félagar

Fullgildir félagar geta einir orðið, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- 5.1.** Að vera fullra 18 ára
- 5.2.** Að hafa starfað með sveitinni í minnst 6 mánuði
- 5.3.** Stenst þær kröfur sem nýliðareglugerð segir til um
- 5.4.** Hafa undirritað eiðstaf sveitarinnar
- 5.5.** Hafi veitt skriflegt leyfi fyrir öflun upplýsingar úr sakaskrá
- 5.6.** Félagsfólk ber að viðhalda þagnarskylda gagnvart skjólstæðingum sínum, á vettvangi útkalla og öðrum viðkvæmum upplýsingum er varðar starfið, svo sem myndbirtingar og fleira á opinberum vettvangi.
- 5.7.** Verði félagi í sveitinni sekur um að spilla áliti hennar út á við, valdur að stórfelldri vanrækslu um eignir sveitarinnar, brýtur gegn lögum hennar, siðareglum Slysavarnafélagsins Landsbjargar að framlögðum úrskurði siðanefndar getur stjórн sveitarinnar vísað honum úr sveitinni tímabundið eða að fullu. Það skal tilkynnt skriflega.
- 5.8.** Sé ósætti um brottrekstur eða brottrekstrarsök getur viðkomandi aðili vísað málínu til sveitarfundar til endanlegrar afgreiðslu.

6. Reikningsár/ Starfsár

Reikningsár og starfstímabil sveitarinnar er almanaksárið.

7. Aðalfundur

- 7.1.** Aðalfundur er æðsta vald í félagsmálum sveitarinnar og eru þar ákvarðanir teknar um starfsemi sveitarinnar, sem þörf er á.
- 7.2.** Aðalfund skal halda í mars eða apríl og til hans skal boðað með 14 daga fyrirvara svo hann teljist löglegur.
- 7.3.** Dagskrá aðalfundar og lagabreytingar skulu sendar út með fundarboðum.
Dagskrá aðalfundar:
 1. Skýrsla stjórnar
 2. Reikningar sveitarinnar
 3. Lagabreytingar
 4. Kosningar
 5. Árgjald/félagsgjald
 6. Önnur mál

7.4. Kosningar í embætti

- Formaður
- Varaformaður
- Gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi
- Varastjórn (2 aðilar)
- Skoðunarmenn reikninga
- Uppstillinganefnd (3 aðilar)

Kosning stjórnar, sbr. 9. gr. laga þessara. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi í einu lagi. Þá skulu varamenn kosnir sérstaklega. Formaður og varaformaður skulu vera kosnir annað hvert ár og ekki á sama ári

7.5. Skoðunarmenn reikninga

Gjaldkeri skal skila ársreikningi og umbeðnum bókhaldsgögnum til kjörinna skoðunarmanna reikninga eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund.

8. Auka aðalfundur

- 8.1.** Stjórn getur boðað til auka aðalfundar ef hún telur nauðsyn og skal boðað til hans eins og gert er með aðalfund. Dagskrá auka aðalfundar skal sendast með fundarboði og vera skýr með hvaða málefni á að taka fyrir og hvort það þurfi að kjósa um það.
- 8.2.** Félagsfólk getur einnig óskað eftir því við stjórn að boða til auka aðalfundar ef helmingur félaga óska þess skriflega.

9. Lagabreytingar

- 9.1.** Lögum þessum verður einungis breytt á löglega boðuðum aðalfundi og tillögur af lagabreytingum þarf að senda félagsfólki með fundarboðum og koma fram á dagskrá.
- 9.2.** Farið er yfir hverja lagabreytingu fyrir sig og hún lögð fram til afgreiðslu. Að því loknu þá eru lögin í heild sinni lögð fram til afgreiðslu.
- 9.3.** Lagabreytingar sem koma fram í fundarboði þurfa samþykki minnst 2/3 hluta fundarmanna til að öðlast gildi. Tillögur sem ekki koma fram í fundarboði þurfa samþykki minnst 4/5 hluta fundarmanna.

10. Stjórn, starfshættir stjórnar og félagsfundir

- 10.1.** Stjórn sveitar skal skipuð 5 einstaklingum, formanni, varaformanni, gjaldkera og 2 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi.
- 10.2.** Stjórn fer með málefni sveitarinnar á milli aðalfunda.
- 10.3.** Stjórn sveitarinnar setur sér starfsreglur fyrir sitt kjörtímabil á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund og kynnir eða birtir á næsta félagsfundi.
- 10.4.** Stjórn getur sett reglur er viðkoma starfsemi sveitarinnar og þarf að kynna þær á félagsfundi hennar og vera félagsfólk aðgengilegar.
- 10.5.** Stjórn ber að taka til efnislegrar meðferðar úrskurð frá Siðanefnd um félaga á stjórnarfundi og ákveða viðbrögð við honum innan þriggja mánaða. Stjórn skal jafnframt upplýsa siðanefnd um niðurstöðu og viðbrögð.

11. Fjármögnun og starfsemi

- 11.1.** Sveitin fjármagnar sig með ýmsum fjáröflunum á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og að eigin frumkvæði.
- 11.2.** Fjármunir sveitarinnar fara í að eiga og viðhalda tækjum og búnaði sem nauðsynlegt er að hafa til að sinna þeim verkefnum sem falla undir lög og reglugerðir um leit og björgun, menntun og þjálfun síns félagsfólks. Félagsmenn skulu ekki njóta fjárhagslegs ávinnings af starfsemi sveitarinnar.
- 11.3.** Stjórn sveitarinnar er heimilt að innheimta félagsgjöld af félagsmönnum. Framkvæmd gjaldtöku skal ákveðin að aðalfundi.
- 11.4.** Allar lántökur sveitarinnar yfir 5 mkr. skulu samþykktar á félagsfundi með meirihluta atkvæða.
- 11.5.** Stjórn skal leitast við að ávaxta fé sveitarinnar á sem hagkvæmastan hátt.

12. Starfsemi lög niður

Ef sveitin hættir störfum þá skal það gert á löglega boðuðum aðalfundi og þá með samþykki meirihluta greiddra atkvæða. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg/rafræn. Gögn og eignir sveitarinnar skulu fara í vörslu Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Eigi er Slysavarnarfélagini Landsbjörg heimilt að ráðstafa þessum eignum og gögnum nema til uppbyggingar á björgunarstarfi í Grímsnes- og Grafningshreppi.

13. Gildistaka

13.1. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi sveitarinnar þann 13.3.2024